

50. fundur Íslensku Vatnafræðinefndarinnar – fundargerð

Fundartími: Kl. 11:30–13:00 miðvikudaginn 12. desember 2012

Fundarstaður: Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 7-9

Mættir voru: Árni Snorrason (Veðurstofa Íslands), Kristinn Einarsson (Orkustofnun), Magnús Jóhannsson (Veiðimálastofnun), Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands), Þóra Ellen Þórhallsdóttir (Háskóli Íslands) Gunnar Steinn Jónsson (UST) og Hrund Andradóttir (Háskóli Íslands).

Þorsteinn Þorsteinsson (Veðurstofa Íslands) var fenginn til að fjalla um CryoNet fund sem fram fór sl. Haust sem og um málefni Norræna vatnafræðifélagsins.

Mættu ekki: Eygerður Margrétardóttir (Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar) og Óli Grétar Sveinsson Blöndal (Landsvirkjun).

Auglýst dagskrá fundarins:

1. Síðasta fundargerð lögð fram til samþykktar
2. Yfirferð síðustu stóru funda
 - a. WMO Commission for Hydrology
 - b. World Meteorological Congress Extraordinary Session um Climate Services
 - c. CryoNet, m.a. um jökla supersite
3. Málefni Norræna vatnafræðifélagsins??
4. Önnur mál
 - a. Ráðstefna á árinu 2013 um umhverfismengun á Íslandi
 - b. A Blueprint to Safeguard Europe's Water Resources
 - c. Tengiliður UNESCO málefna í menntamálaráðuneytinu
 - d. Vatnatilskipun – Áfanga- og verkáætlun 2011-2015 og Drög að stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands komnar út

1) **Síðasta fundargerð lögð fram til samþykktar.** Fundargerð samþykkt.

2) **Yfirferð síðustu stóru funda.** Jórunn fjallar um WMO Commission for Hydrology, Árni um World Meteorological Congress Extraordinary Session um Climate Services. Þorsteinn Þorsteinsson var fenginn til að fjalla um CryoNet fund sem hann og Árni sátu.

a) WMO - Commission for Hydrology (CHy). Jórunn fór yfir glærur og stiklaði á stóru um málefni og niðurstöður fundarins sem fram fór sl. nóvember, sjá: <http://chy-14.wmo.int/>. Fundað er á fjögurra ára fresti í höfuðstöðvum WMO í Genf. Á heimasíðu fundarins má finna margar athyglisverðar glærुकynningar og ítarefni undir “Presentations”, “Background material” og Reference material” í vinstri valmynd heimasíðunnar (sjá mynd hér fyrir neðan).

Mikið var fjallað um gæðavottun og gæðastandarda hvað varðar bæði mælingar og úrvinnslu vatnafræðilegra gagna. Einnig var mikil umræða um gagnagrunna sem og aðgengi og samræmingu gagna. Samspil vatns og loftslags spilaði einnig stóran þátt í umræðunni. Allt eru þetta málefni sem mikilvægt er að hafa í huga hérlendis.

Undir “Documents (in English)/Provisional report” má finna ályktanir fundarins um þá málaflokka sem ræddir voru sem og áætlanir fyrir næstu fjögur ár.

The screenshot shows the WMO website interface. At the top, there's a navigation bar with the WMO logo and the text 'World Meteorological Organization Working together in weather, climate and water'. Below this, there's a search bar and a menu with options like 'Documents (in English)', 'Documents (en français)', 'Документы', etc. The main content area is titled 'Documents (in English)' and features a 'WMO Docs List' with a table of documents. The table includes columns for document ID, title, date, and time. The documents listed are: 1. DRAFTS FOR DISCUSSION (Aug 23, 2012 at 11:50AM CEST), 2. PROCEDURAL DOCUMENT (Aug 23, 2012 at 11:50AM CEST), 3. PROVISIONAL REPORT (Approved documents) (Aug 23, 2012 at 11:50AM CEST), and 4. SESSION ARCHIVE (Aug 23, 2012 at 11:50AM CEST). Each document has a download icon and a 'Subscribe to Changes' button.

b) **World Meteorological Congress - Extraordinary session.** Fundurinn var haldinn í lok október 2012 og umfjöllunarefni hans var “Global Framework for Climate Services” (GFCS).

Sjá part 1:

ftp://ftp.wmo.int/Documents/PublicWeb/mainweb/meetings/cbodies/governance/congress_reports/english/pdf/1102_Part1_en.pdf

og part 2:

ftp://ftp.wmo.int/Documents/PublicWeb/mainweb/meetings/cbodies/governance/congress_reports/english/pdf/1102_Part2_en.pdf

Talað er um að fá saumlaust model allt frá veðurfari og upp í loftslagsbreytingar. Mikilvægt er að grafa upp öll þau gögn er nýtast til loftslags- og veðurfarsþjónustu. Talað var um nauðsyn þess að byggja upp innviði hjá þróunarlöndunum en það hefur ekki tekist sem skyldi hingað til. Gengið var út frá ákveðnum forgangsatriðum: Landbúnaður, náttúruvá, vatn og heilsa. Hérlandis þarf að taka tillit til loftslagsbreytinga í öllu skipulagi og byggja upp upplýsingakerfi loftslags- og veðurfarsþjónustu.

Íslenska vatnafræðinefndin fellur undir “technical commissions” í skipulagi GFCS.

WMO hefur einnig verið í sókn í tengslum við pólsvæðin, athuganir á N-Atlantshafi o.fl. sem er mjög þýðingarmikið fyrir Ísland, ekki síst til að átta sig á því hvar eyður eru í athugunarkerfunum, ath að það eru mörg kerfi í gangi. Hvaða þjónustu er hægt að veita/bæta o.s.frv. Pólsvæði þurfa að vera í alþjóðasamstarfi. Hafin er þróun á “Global Integrated Polar Prediction System (GIPPS), sjá:

http://www.wmo.int/pages/prog/www/Antarctica/GIPPS_Concept_paper_and_Resolution.pdf

Eins er komið í umræðu að styrkja upplýsingar um hafís sem er þýðingarmikið fyrir Ísland.

c) **Cryonet - Global Cryosphere Watch (GCW).** Þorsteinn fjallaði um málefni fundar sem hann sótti ásamt Árna í nóvember 2012 hjá GCW. Þeir svöruðu spurningalista frá GCW fyrir

fundinn og settu m.a. upp plan fyrir Ísland sem “supersite”. Talað er um þrenns konar Cryonet stöðvar: “Observation”, “Reference site” og “Supersite”. Enn er spurning um skilgreiningu á “supersite”; margir stikar eru mældir, stikar eru mældir mjög nákvæmlega, mælingar fara fram á mörgum stöðum. Sjá skjöl í viðauka.

Þóra Ellen benti á rannsóknir á gróðurfamvindu suður af Vatnajökli í tengslum við þetta. HÍ og Landgræðslan eru í samvinnu á Skeiðarársandi með 50 reiti af stærð 25mx25m sem ná suður á miðjan sandinn. Til eru gögn úr Þjórsárverum um sífrera til ársins 1990 og svo árið 2007.

- 3) **Málefni norræna vatnafræðifélagsins.** Þorsteinn fór hratt yfir sögu hvað varðar Norræna vatnafræðifélagið. Félaginu hefur láðst að rukka félagsgjöld reglulega en verið er að setja fram áætlun eins og er varðandi rúkkun félagsgjalda, sjá viðauka. Ábending um að e.t.v. væri eðlilegt að fulltrúi frá Umhverfisstofnun og jafnvel frá Veiðimálastofnun taki þátt í Norræna vatnafræðifélaginu. Enginn Íslendingur fór á síðustu ráðstefnu sem haldin var í Finnlandi í sumar en næsta ráðstefna er áætluð í Stokkhólmi árið 2014 undir yfirskriftinni: “The Nordic Hydrology Model” sem ætti að vekja meiri áhuga hérlendis en síðasta ráðstefna. Einnig hefur komið fram mikill áhugi á því að halda norrænu orðabókinni um vatnafræði áfram gangandi.

4) Önnur mál.

a) Ráðstefna á árinu 2013 um umhverfismengun á Íslandi. Hrund sagði frá ráðstefnu sem haldin verður hérlendis á degi vatnsins (22. mars) og hvatti til ábendinga um áhugaverð erindi.

b) A Blueprint to Safeguard Europe’s Water Resources. Gunnar Steinn fjallaði snögg um skjal (Communication) sem framkvæmdastjórn ESB sendi út þann 14. nóvember sl. Vatnsauðlindin er að verða stærri hluti í WFD en ekki bara vatnsgæði/mengun. Í skjalinu eru settar fram stefnumarkandi leiðir fyrir ESB til þess að bregðast við niðurstöðum um ástand vatns í Evrópu, sjá: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2012:0673:FIN:EN:PDF>

Einnig voru gefin út skjöl varðandi River basin management plan:

http://ec.europa.eu/environment/water/water-framework/implrep2007/index_en.htm

og Review of the European Water Scarcity and Droughts Policy:

http://ec.europa.eu/environment/water/quantity/scarcity_en.htm

c) Tengiliður UNESCO málefna í menntamálaráðuneytinu. Jórunn hafði samband niður í ráðuneyti og fékk upplýsingar um að Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir væri ritari UNESCO nefndarinnar. Hún var hins vegar ekki við svo að Jórunn mun reyna aftur að ná í hana og fá hana til að halda smá erindi á ÍVAN fundi.

d) Vatnatilskipun – Áfanga- og verkáætlun 2011-2015 og Drög að stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands eru komnar út. Ekki náðist að fjalla um vatnatilskipunina að þessu sinni.

Fundi slitið kl. 13:40

Áætlað er að halda næsta fund í byrjun febrúar, Jórunn mun senda út fundarboð.